

Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur



Reykjavík 10. nóvember 2015  
UST201511-068/K.S.J.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga að deiliskipulagi Sjávarsmiðjunnar í landi Reykhólajarðar í Reykhólahreppi**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Dalabyggðar er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á svæði Sjávarsmiðjunnar í landi Reykhólajarðar í Reykhólahreppi.

### **Verndarsvæði Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995**

Verndarsvæði Breiðafjarðar er verndað skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 56/1995. Eins og kemur fram í fyrstu grein laganna er tilgangur þeirra að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Einnig kemur fram í annarri grein laganna að ákvæði þeirra taki til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagleý og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

Þetta sýnir að allar fjörur er fram koma í ofangreindri tillögu að deiliskipulagi eru verndaðar með lögum og skal að mati stofnunarinnar merkja þær á uppdrætti í samræmi við það.

### **Verndaráætlun**

Í lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 56/1995 kemur fram að við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. laga nr. 54/1995 skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Einnig kemur fram að í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar. Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

Í verndaráætlun kemur fram að Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að viðhalda og vernda eftirfarandi:

Landslag og landslagsheildir.

Einstakar jarðmyndanir.

Hveri í fjörum.

Fundarstaði sjaldgæfra bergtegunda.

Svæði innan verndarsvæðisins þar sem finna má óvenjulega mikið lífmagn, fjölbreytileika lífvera og/eða búsvæði sjaldgæfra tegunda.

Einstakar tegundir lífvera sem eru: Undirstaða í fæðukeðju. Ábyrgðartegundir[5] Íslendinga.

Sjaldgæfar tegundir á lands- og/eða heimsvísu.

## Byggingarreitur

Umhverfisstofnun bendir á að byggingarreitur sá sem sýndur er á uppdrætti er fylgir ofangreindu erindi nær inn á verndarsvæði Breiðafjarðar sjá ofangreint. Einnig bendir stofnunin á að skv. gr. 5.3.2.14. Skipulag við vötn, ár og sjó í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal ekki skipuleggja nær ám sjó og vötnum en 50 m., en þar segir: Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Umhverfisstofnun bendir einnig á að viðkomandi fjörusvæði er verndað að lögum.

Að mati Umhverfisstofnunar er afmörkun verndarsvæðis (skraferaðs svæðis) óskýr og fylgir ekki fjörum, en skv lögum um verndarsvæði Breiðafjarðar nær verndarsvæðið um allar fjörur innan verndarsvæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar ber að breyta byggingarreit, enda allar byggingar áætlaðar langt frá fjöru og rask ekki heimilt á verndarsvæðinu.


## Fráveita


Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um fráveitu á deiliskipulagstillögu, og skal fráveita vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

## Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að minnka áætlaðan byggingarreit sem sýndur er á uppdrætti svo hann taki ekki til fjörusvæðis/verndarsvæðis Breiðafjarðar. Einnig þarf að gæta þess að skipulagsáætlun sé í samræmi við verndaráætlun Breiðafjarðar. Öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Adalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri